

Ágætu fundargestir,

ég vil byrja á því að bjóða ykkur velkomin á þennan árlega morgunverðarfund Viðskiptaráðs Íslands, sem haldinn er í tilefni af útgáfu peningamála Seðlabanka Íslands í nóvember. Fundurinn ber að þessu sinni yfirskriftina Peningastefna í hafti: Flýtur krónan aftur? en í yfirskriftinni felast í raun þrenn skilaboð:

Í fyrsta lagi þá hafa borist misvísandi skilaboð um afnám gjaldeyrishafta. Yfirlýsingar seðlabankans hafa m.a. verið túlkaðar þannig að afnám hafta væri á næsta leyti. Þau sjónarmið heyrast hinsvegar gjarnan einnig að ekki sé mikil trú á afnámi hafta á næstunni.

Í öðru lagi þá hefur aðhald peningastefnunnar verið umtalsvert og mögulega of mikið m.v. framvindu efnahagsmála. Þó vextir hafi lækkað töluvert frá upphafi árs 2009 má velta því upp hvort vaxtalækkunarferlið hafi verið of hægt m.v. dofa í hagkerfinu, sem kallar á lægra vaxtastig.

Í þriðja lagi þá hefur ekki komið nægilega skýrt fram hvernig Seðlabankinn hyggst fara með stjórn peningamál þegar - vonandi frekar en ef - höftin verða afnumin.

Ef vikið er að fyrsta atriðinu þá hafa skilaboð Seðlabankans sjálfs um framtíð gjaldeyrishaftanna verið nokkuð misvísandi. Yfirlýsingar bankans hafa m.a. verið túlkaðar á þann hátt að afnám hafta væri á næsta leyti en í þessari viku var slegið á þær væntingar er kynnt var að engar grundvallarbreytingar yrðu gerðar á núverandi reglum fyrr en í mars 2011.

Yfirlýsing Seðlabankans vekur upp ýmsar spurningar. Ef ljóst hefur verið um nokkurn tíma að afnám hafta yrði í fyrsta lagi í mars á næsta ári og líklega síðar, má spyrja hvers vegna vextir hafi ekki verið lækkaðir hraðar á fyrri part þessa árs og í lok þess síðasta. Í skjóli gjaldeyrishafta, þarf svona mikið peningalegt aðahald?

Mögulegt er að skortur á áætlun um afnám hafta hafi hindrað hraðari lækkun vaxta. Í yfirlýsingu peningastefnunefndar frá því á miðvikudag segir að „áætlanir um afnám hafta á fjármagnshreyfingar skapi óvissu um hversu mikið svigrúm sé til vaxtalækkana til skemmri tíma“. Þetta eru ekki hughreystandi skilaboð og æskilegt að fyrir lægi skýr sýn á afnám hafta þannig að svigrúm til vaxtalækkana væri einnig ljósara.

Í áætlun stjórnvalda og AGS um afnám hafta má finna þrjú megin skilyrði. Þau eru:

1. Þjóðhagslegur stöðugleiki, þar með talið trúverðugar aðgerðir til að tryggja sjálfbær ríkisfjármál og minni verðbólgu;
2. nægur gjaldeyrisforði
3. traust fjármálakerfi

Tvö af þessum skilyrðum hafa verið uppfyllt skv. yfirlýsingum Seðlabankans, en fjármálakerfið telst enn ekki traust. Veikari bati hagkerfisins vekur þó upp áleitnar spurningar um hvort fyrsta skilyrðið, um aðgerðir til að tryggja sjálfbæran rekstur hins opinbera, sé í raun uppfyllt.

Í uppfærðri þjóðhagsspá Seðlabankans er spá um hagvöxt á þessu og næsta ári lækkuð og gert er ráð fyrir liðlega 2% hagvexti. Þetta er verulegt áhyggjuefni, sérstaklega í ljósi þess að í fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir 3,2% hagvexti. Með veikari horfum um bata hagkerfisins er ein grunnforsenda frumvarpsins brostin, sem hlýtur að veikja það verulega.

Væntingar um minni hagvöxt geta hæglega þýtt að þörf sé á enn harðari aðhaldsaðgerðum í fjármálum hins opinbera en þeim sem nú hafa verið kynntar. Á sama tíma boðar forsætisráðherra mögulega endurskoðun samstarfs Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að draga úr niðurskurði hjá hinu opinbera. Í ljósi þess að trúverðugar aðgerðir til að taka á halla ríkissjóðs eru eitt af skilyrðum afnáms hafta er frestun á niðurskurði opinberra útgjalda vart kostur í stöðunni, nú rúmlega tveimur árum eftir bankahrún. Það fæli í sér að vanda yrði skotið á frest og afnámi gjaldeyrishafta einnig.

Skaðsemi gjaldeyrishaftanna er mikil

Því miður virðist stundum gleymast hve skaðleg gjaldeyrishöftin eru fyrir uppbyggingu atvinnulífs og eðlilega starfsemi fyrirtækja í alþjóðlegum rekstri. Höftunum var nýlega lýst sem „sturluðum“ af forsvarsmanni tölvuleikjafyrirtækis vegna þess hve flókið væri að reka fjölþjóðlegt fyrirtæki í skjóli þeirra. Einnig eru dæmi um að höftin hafi veruleg og neikvæð áhrif á uppbyggingar sprotafyrirtækja sem stefna á alþjóðlega markaði, því ekki er leyfilegt að stofna dótturfélög erlendis til að komast nær viðkomandi markaði.

Í þessu sambandi má ekki gleyma að flaggskip íslensks atvinnulífs í dag, fyrirtæki á borð við CCP, Össur og Marel, hefðu aldrei náð þeirri stöðu og styrk án sóknar á erlenda markaði. Það er ekki vænleg stefna til frambúðar að í höftum felist hindranir fyrir sprota atvinnulífsins í sömu vegferð. Við megum ekki við því að senda skilaboð um að Ísland sé ekki ákjósanlegt land fyrir metnaðarfull fyrirtæki og heppilegra sé að staðsetja þau hreinlega utan landsteinanna.

Að þessu sögðu er rétt að halda því til haga að gildar ástæður voru fyrir upptöku hafta í kjölfar bankahrunsins. Stuðla þurfti að auknum stöðugleika í gengismálum og hefur það gengið eftir. Hinsvegar er áhyggjuefni hversu almenn sátt virðist vera um höftin og því afturhvarfi til fortíðar sem í þeim felst. Það var ekki að ástæðulausu að horfið var frá þeim miklu gjaldeyrishöftum sem réðu ríkjum á seinni hluta síðustu aldar. Það fyrirkomulag gekk augljóslega ekki til lengri tíma og það sama á við nú. Viðvarandi gjaldeyrishöft eru ekki raunhæfur kostur.

Gjaldeyrishöftin hafa bæði slæm áhrif á trúverðugleika landsins sem fjárfestingarkosts sem og uppbyggingu öflugra íslenskra fyrirtækja. Markmið okkar þarf að vera að stuðla að því að Ísland sé áhugaverður og ákjósanlegur staður fyrir kraftmikil fyrirtæki til að vaxa og dafna. Núverandi fyrirkomulag hamlar því að svo sé.

Til þess að varpa betra ljósi á þessi mál höfum við fengið Má Guðmundsson seðlabankastjóra til að flytja aðalerindi dagsins. Að því loknu munu taka við pallborðsumræður þar sem þátt taka nokkrir valinkunnir einstaklingar taka þátt, en þeir eru: Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri, Ásgeir Jónsson aðalhafgræðingur Arion banka, Benedikt Jóhannesson ritstjóri Vísbendingar og Kristín Pétursdóttir forstjóri Auðar Capital, en umsjón með pallborðsumræðum er í höndum Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Nasdaq OMX Ísland.